

Sp. 478. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórnar Danmerkur ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd sem undirritaður var á Höfn 19. ágúst 1986. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn er árangur af starfi norrænnar embættismannanefndar um samstarf Færeyja, Grænlands og Íslands. Hér verður gerð grein fyrir samstarfi Norðurlanda um byggðamál, tilurð sjóðsins og meginatriðum samningsins.

Samstarfsnefnd Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga.

Að frumkvæði Norrænu embættismannanefndarinnar um byggðastefnu, NERP, var á árinu 1980 stofnað til sérstaks „svæðissamstarfs“ Færeyinga og Íslendinga. Svæðinu var gefið norræna nafnið Vestnorden, hin vestlægu Norðurlönd. Slíkt norrænt svæðissamstarf á sér margar fyrirmyndir og hliðstæður. Aðalmarkmið starfsemi NERP er að stuðla að jákvæðri byggðapróun á Norðurlöndum með samnorrænum aðgerðum sem komi til viðbótar aðgerðum ríkisstjórnanna. M.a. er unnið að því að draga úr neikvæðum áhrifum landamæra á hagræna og félagslega þróun á Norðurlöndum og koma á samstarfi á samliggjandi svæðum þvert yfir landamæri. Þekktast slíkra svæða er Nordkalotten, nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Að því er Færeyinga og Íslendinga varðar var að sjálfsögðu ekki um landamæri að ræða en verulega nálægð og einnig skyldleika og sameiginleg vandamál og þróunarmöguleika. Samstarf á milli þjóðanna var lítið og formlegt samstarf nánast ekki neitt. Hliðstæður annars staðar á Norðurlöndum, þar sem samstarfssvæði nær yfir hafsvæði, er samstarf Borgundarhólms og Suðaustur-Skáns og Mittnorden-samstarfið sem tekur til héraða um miðbik Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Á árinu 1980 var skipuð sérstök „Vestnorden-nefnd“ með tveimur fulltrúum frá hvoru landi. Þáverandi forsætisráðherra fól stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að skipa menn í nefndina þar eð Framkvæmdastofnunin fjallaði um byggðamál og var fyrir hönd forsætisráðuneytisins aðili að NERP. Stjórn Framkvæmdastofnunar taldi að þetta samstarf gæti haft sérstaka þýðingu fyrir Austurland, þann landshluta sem langnæst liggur Færeyjum og öðrum Evrópulöndum. Þess vegna skipaði stjórnin einn starfsmanna stofnunarinnar í þessa nefnd en gaf Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kost á að tilnefna hinn manninn. Ráðinn var framkvæmdastjóri fyrir nefndina 1981. Er hann Færeyingur og er skrifstofa nefndarinnar í Þórshöfn. Allur kostnaður við störf nefndarinnar og af skrifstofu hennar er greiddur af skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin hefur aðgang að fé sem NERP úthlutar til ýmiss konar styrkveitinga.

Frá upphafi var gert ráð fyrir aðild Grænlandinga að samstarfsnefndinni. Ekki gat orðið af því strax vegna þess að verið var að móta heimastjórn þeirra þessi ár. Þeir gerðust aðilar að nefndinni 1983 og grænenska heimastjórnin tilnefndi þá tvo menn í hana. Síðan hefur starf nefndarinnar í vaxandi mæli snúið að grænenskum vandamálum.

Starfsemi nefndarinnar hefur verið mjög víðtæk. Eins og getið var um hér að framan hefur nefndin haft, fyrst óbeinan en nú beinan, aðgang að fé til ýmiss konar styrkveitinga. Til skamms tíma úthlutaði NERP styrkjum eftir umsóknum frá samstarfsnefndinni. En nú hefur sá háttur verið tekinn upp að NERP skiptir því fé, sem til ráðstöfunar er, á milli samstarfssvæðanna og því fær samstarfsnefndin nú ákveðna upphæð til ráðstöfunar á ári hverju. Það fé, sem hún hefur til ráðstöfunar á árinu 1986, er 3,1 millj. danskra króna. Styrkveitingar nefndarinnar beinast mjög að því að flytja þekkingu og reynslu á milli aðildarlandanna, að styrkja ákveðna tilraunastarfsemi eða undirbúning aðgerða í einu landanna, sem byggist á þekkingu í öðru eða á hinum Norðurlöndunum, svo og að sameiginlegum aðgerðum. Sem dæmi má nefna hagnýtingu færeyskrar reynslu við laxeldistilraunir í köldum sjó á Norðfirði, nýtingu færeyskrar og íslenskrar reynslu við leit að hörpuðiski í Nuukflóa á Grænlandi og nýtingu íslenskrar reynslu við tilraun til kartöfluræktar syðst á Grænlandi og við að koma af stað smíði lítilla vatnsaflstöðva fyrir sveitabæi á Grænlandi. Dæmi um sameiginlegt verkefni er ráðning sérstaks sameiginlegs ferðamálafulltrúa sem unnið hefur að auknu samstarfi þjóðanna á sviði ferðamála og m.a. undirbjó og stjórnaði sameiginlegri ferðakaupstefnu landanna í Reykjavík í haust. En auk styrkveiting-

anna hefur nefndin með óbeinum hætti stuðlað á margan hátt að auknu samstarfi. Nefndin hefur mikið fjallað um samgöngur á milli landanna og hefur hún haft sín áhrif á framvindu þeirra mála. Skrifstofa nefndarinnar í Þórshöfn veitti Útflutningsmiðstöð iðnaðarins mjög mikilvæga aðstoð við að skipuleggja átak í sölu íslenskra iðnaðarvara í Færeyjum. Einnig má nefna kennslubók í íslensku fyrir Færeyinga sem nú er að koma út í Færeyjum.

Vísir að samnorrænni byggðastefnu.

Formlega hafa Norðurlöndin ekki sameiginlega byggðastefnu. Þó ber starfsemi NERP þess merki að slík sameiginleg stefnumótun sé að þróast og reyndar hafa þau merki sést víðar í norrænu samstarfi. Svæðasamstarfið, sem byggt hefur verið upp víðs vegar um Norðurlönd að frumkvæði NERP, er vísir að slíkri stefnumótun. Byggðaðróunarlán Norræna fjárfestingarbankans, sem NERP átti frumkvæði að, benda í sömu átt. Síðar, þegar farið var að vinna að áætluninni um hagþróun og fulla atvinnu á Norðurlöndum og Norðurlöndin sem heimamarkað, komu enn fram hugmyndir af sama tagi. Í skjali, sem sænski samstarfsráðherrann setti fram 1983, þar sem fjallað var um framangreinda áætlun, var einnig sett fram sú hugmynd að hið öfluga, iðnvædda miðsvæði Norðurlandanna yrði að styðja framþróun á jaðarsvæðum landanna í heild og sem dæmi voru nefnd jaðarsvæðin Nordkalotten og Vestnorden. Í því sambandi var sett fram hugmynd um sérstakan þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Reyndar höfðu svipaðar hugmyndir verið ræddar í „Vestnorden-nefndinni“ en mun sterkara var að fá þær úr þessari átt.

Eðlilegt er að samnorræn byggðastefna þróist og verði til við framkvæmd og framþróun áætlunarinnar um hagvöxt og fulla atvinnu og um heimamarkað. Vinnuamarkaður Norðurlandanna er nú orðinn allt að því eins og vinnuamarkaður eins lands og fólksflutningar eiga sér stað á milli Norðurlandanna eins og innan landa. Því er útilokað að vinna af afli að þróun, sem fyrst og fremst styrkir iðnvædda miðsvæðið, án þess að líta til með þróun á jaðarsvæðum sem geta tapað vinnuafli og atgervi til miðjunnar, jafnvel í stórum stíl, verði ekki að gert. Þegar unnið er að framþróun Norðurlandanna í heild sem eitt land væri er því nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir þróun alls staðar á Norðurlöndum sem eitt land væri. Embættismannanefndin um byggðastefnu hefur reynt að skapa ákveðnar forsendur fyrir slíkri yfirsýn með því að gefa árlega út skýrslur um byggðaðróun á Norðurlöndunum öllum. Umræður í ýmsum norrænum nefndum beinast í þessa átt. Stofnun þróunarsjóðs Færeyja, Grænlands og Íslands er raunhæf aðgerð á efnahagssviðinu þótt sjóðurinn verði, fyrst um sinn a.m.k., vanmáttugur.

Tilurð þróunarsjóðsins.

Eftir að hugmyndin um sjóðinn hafði verið sett fram varð framvinda málsins nokkuð hröð. Málið kom til umræðu í NERP sem lagði það fyrir nefnd þeirra norrænu ráðherra, sem fara með byggðamál, í desember 1983. Þar var samþykkt að skipaður yrði starfshópur sem kanna skyldi þörf fyrir slíkan sjóð og hvers konar hlutverki hann gæti gegnt. Gengið var frá skipun starfshópsins á fundi NERP í mars 1984. Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar í apríl 1984. Formaður hans var kjörinn fulltrúi Íslands, Sigurður Guðmundsson, þá aðstoðarframkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Starfshópurinn gaf NERP áfangaskýrslu í október sama ár og endanleg skýrsla er dagsett 20. nóvember 1984. Skýrslan var lögð fram á fundi nefndar ráðherra byggðamála í desember 1984 og síðan var fjallað um hana á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1985. Eftir jákvæða umfjöllun þar var hafin vinna við að semja samþykktir fyrir sjóðinn og drög að samningi Norðurlandanna um stofnun hans. Fjallað var um þessi mál í Vestnorden-nefndinni, í NERP og annars staðar á norrænum vettvangi og samþykktir og samningur svo lögð fyrir fund byggðamálaráðherranna í desember 1985. Samningurinn var svo undirritaður af samstarfsráðherrum Norðurlanda á fundi þeirra í Höfn hinn 19. ágúst 1986.

Meginatriði samningsins og samþykktanna.

Í 15. gr. samningsins og 11. gr. samþykktanna segir að heimili sjóðsins og aðalskrifstofa skuli vera í Reykjavík en hann skuli hafa fulltrúa í Nuuk og í Þórshöfn. Einnig segir í 11. gr. samþykktanna að vista skuli sjóðinn í Byggðastofnun. Ríkisstjórnin samþykkti þessa vistun sjóðsins í maí 1985 og einnig er stjórn Byggðastofnunar samþykkt henni. Hafa viðræður farið fram milli skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og forstjóra Byggðastofnunar um framkvæmdaatriði þessa máls.

Samkvæmt 1. gr. samningsins er markmið sjóðsins að örva þróun samkeppnishæfrar atvinnustarfsemi á vestursvæðinu með lánum, styrkjum og með því að veita ábyrgðir. Sérstök áhersla er lögð á að sjóðurinn eflí samstarf þjóðanna á vestursvæðinu á sviðum iðnaðar, viðskipta og tækni og einnig samstarf þeirra og annarra Norðurlanda. Í samningnum er svo vísað í samþykktir sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins greiða ríkisstjórnir og landsstjórnir. Í 2. gr. samþykktanna kemur fram hvernig upphæðirnar skiptast og hvernig þær greiðast. Svára þær til greiðslna ríkisstjórna Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs á sínum tíma og til endurgreiðslna Iðnþróunarsjóðs á því fé. Þetta eru samtals 13,5 milljónir dollara sem greiðast á árunum 1987 til 1995. Auk þessarar upphæðar greiði ríkisstjórn Íslands 0,4 milljónir dollara á sama tímabili og landsstjórnir Færeyja og Grænlands 0,1 milljón dollara hvor. Samtals er því stofnfé sjóðsins 14,1 milljón dollara. Fé þetta er sjóðnum til ráðstöfunar án vaxta. Þegar stofnféd er greitt inn í bandaríkjadollurum skal umreikna það í danskar krónur á opinberu gengi dollarans í Kaupmannahöfn greiðsludaginn og reikninga sjóðsins á að færa í dönskum krónum.

Fjármálastefna sjóðsins kemur fram í 3. gr. samþykktanna. Þar segir að sjóðnum skuli stjórna þannig að stofnfé sjóðsins skuli miðað við danskar krónur vera óbreytt til að byrja með til 31. desember 1999. Þetta ákvæði gefur sjóðnum ákveðið svigrúm til styrkveitinga og til að taka áhættu en það svigrúm er jafnframt takmarkað. Til að auka útlánagetu sína er sjóðnum svo heimilt, með ákveðnum takmörkunum, að taka lán (5. gr. samþykktanna). Í 4. gr. er svo gerð grein fyrir höfuðatriðum í útlánastefnu sjóðsins að öðru leyti. Rétt er að vekja athygli á einu ákvæði þeirrar greinar þar sem segir að verkefni, sem ná til fleiri landa vestursvæðisins en eins eða feli í sér samstarf við önnur ríki á Norðurlöndum, skuli hafa forgang.

Yfirstjórn sjóðsins (sbr. 9. og 10. gr. samþykktanna) skal vera í höndum sjö manna stjórnar og tilnefna ríkisstjórnir Norðurlandanna og landsstjórnir Færeyja og Grænlands einn mann hver. Stjórnin kys sér sjálf formann og varaformann á tveggja ára fresti en formaður skal vera, til skiptis, fulltrúi Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga í sjóðsstjórninni. Gert er ráð fyrir framkvæmdastjórn, sem í verði fulltrúar Færeyja, Grænlands og Íslands (10. gr. samþykktanna), og einnig er ákvæði um ráðningu forstjóra (8., 10. og 11. gr. samþykktanna).

Í 6. gr. samningsins er ákvæði um að sjóðurinn skuli undanþeginn sköttum, gjöldum svo og hugsanlegum takmarkandi ákvæðum um gjaldeyrismál eða útlán sem hindrað gætu starfsemi sjóðsins. Vegna þess er, samtímis þessari þingsályktunartillögu, lagt fram frumvarp til laga í samræmi við það ákvæði.

Samningurinn skal taka gildi (8. gr. samningsins) 30 dögum eftir að allir aðilar að honum hafa tilkynnt utanríkisráðuneyti Danmerkur að hann hafi verið staðfestur. Vonast er til að sjóðurinn geti hafið störf 1. mars 1987.

Hver aðila samningsins sem er getur eftir 1. janúar 2000 sagt honum upp (9. gr. samningsins). Uppsögnin gildir einungis fyrir uppsagnaraðilann. Þó getur Norræna ráðherranefndin eftir slíka uppsögn ákveðið að leggja sjóðinn niður.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Ríkisstjórn Danmerkur, ásamt landstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

óska, í viðleitni sinni til að efla svæðisbundna norræna samvinnu, að auka hagþróun á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) og efla samvinnu milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd, hér eftir nefndur Sjóðurinn, er stofnaður í þeim tilgangi að efla fjölbætt og samkeppnishæft atvinnulíf á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) með lánveitingum og styrkjum, enn fremur með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ábyrgð til að ráðast í verkefni sem eru tengd þeim eða eru til hagsbóta fyrir þau. Sjóðnum er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandanna á sviði iðnaðar, viðskipta og tækni, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

2. gr.

Sjóðurinn skal hafa stöðu sem sérstakur lögaðili.

3. gr.

Sjóðurinn skal starfræktur í samræmi við þær samþykktir sem fylgja samningi þessum. Norrænu ráðherranefndinni er heimilt að breyta samþykktunum, en þó ekki á þann veg að trygging lánardrottna, sem í gildi er, skerðist.

4. gr.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands skulu leggja Sjóðnum til stofnfé. Þær eru ábyrgar fyrir skuldbindingum Sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins, uns öllum skuldbindingum Sjóðsins gagnvart lánardrottnum hefur verið fullnægt.

Í 2. gr. samþykktanna er kveðið á um upphæð stofnfjárins, skiptingu þess, greiðslu og hækkun á stofnfjárframlagi.

5. gr.

Aðalaðsetur Sjóðsins skal vera í Reykjavík. Fulltrúar hans skulu vera í Þórshöfn og Nuuk.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn greiðslu- og gjaldeyrishömlum og stefnumarkandi lánaráðstöfunum, sem gætu komið í veg fyrir eða torveldað starfsemi Sjóðsins eða girt fyrir að Sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt aðrar skyldur sínar.

Eignir og tekjur Sjóðsins skulu vera undanþegnar sköttum.

Lánssamningar, sem Sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera. Hafi slík gjöld verið lögð á skulu þau endurgreidd samkvæmt beiðni.

7. gr.

Nú gerast atvik, sem breyta verulega forsendum fyrir stofnun Sjóðsins, og skulu þá samningsaðilar ráðgast um framtíðarstarfsemi Sjóðsins.

Norræna ráðherranefndin skal eigi síðar en 1. 3. 1996 taka afstöðu til frekari starfsemi Sjóðsins eftir árið 1999.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður að leysa Sjóðinn upp, skal það gert í samræmi við aðferðina sem greind er í 14. gr. samþykktanna.

8. gr.

Samningurinn og samþykktir þær, sem greinir í 3. gr. hans, öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku ofangreindra tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. gr.

Eftir hinn 1. 1. 2000 getur sérhver samningsaðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins, sem skýrir öðrum samningsaðilum, Norrænu ráðherranefndinni og stjórn Sjóðsins frá móttöku tilkynningarinnar og innihaldi hennar.

Uppsögnin gildir aðeins gagnvart þeim samningsaðila. Uppsögnin tekur í fyrsta lagi gildi við lok þess reikningsárs sem kemur næst á eftir því ári sem uppsögnin var sett fram í.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður ekki að slíta Sjóðnum, eftir að henni berst tilkynning um uppsögn, skal hún ganga frá reglum varðandi skuldaskil Sjóðsins og þess aðila sem óskar að hætta þátttöku, áður en uppsögnin tekur gildi. Við skuldaskilin skal tryggja að sá aðili, sem hættir þátttöku, beri jafna ábyrgð á skuldbindingum Sjóðsins og þeir sem halda áfram þátttöku.

10. gr.

Frumriti samningsins skal hið fyrsta komið til vörslu hjá danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit hans til hinna samningsaðilanna og til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört á Höfn hinn 19. ágúst 1986 í einu eintaki á dönsku, færeysku, grænlandsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

SAMPYKKTIR

fyrir Norræna þróunarsjóðinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Ríkisstjórn Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi hinn 19. ágúst 1986 ákveðið að stofna norrænan þróunarsjóð fyrir hin vestlægu Norðurlönd (Færeyjar, Grænland og Ísland).

Um sjóðinn gilda eftirfarandi samþykktir:

Markmið

1. gr.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd, hér eftir nefndur Sjóðurinn, hefur það markmið að efla fjölbætt og samkeppnishæft atvinnulíf á hinum vestlægu Norðurlöndum (Færeyjum, Grænlandi og Íslandi) með lánveitingum og styrkjum og með því að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum ábyrgð til að ráðast í verkefni sem eru tengd þeim eða eru til hagsbóta fyrir þau. Sjóðnum er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandanna á sviði iðnaðar og tækni, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

Stofnfé Sjóðsins

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera jafngildi 14,1 milljóna bandaríkjadala (USD) í dönskum krónum, og skiptist framlagið sem hér segir:

Ríkisstjórn Danmerkur	2,7 m. USD
Landsstjórn Grænlands	0,1 m. USD
Landsstjórn Færeyja	0,1 m. USD
Ríkisstjórn Finnlands	2,7 m. USD
Ríkisstjórn Íslands	0,4 m. USD
Ríkisstjórn Noregs	2,7 m. USD
Ríkisstjórn Svíþjóðar	5,4 m. USD

Sjóðurinn fær stofnféð til ráðstöfunar án vaxta. Stofnféð greiðist Sjóðnum samkvæmt eftirfarandi greiðsluáætlun (í 1000 USD):

Dagsetning	S	DK	SF	N	IS	FR	GR	Alls	Stofnfé samtals
1.3.1987	1 004	502	502	502	76	19	19	2 624	2 624
1.3.1988	276	138	138	138	20	5	5	720	3 344
1.3.1989	328	164	164	164	24	6	6	856	4 200
1.3.1990	388	194	194	194	28	7	7	1 012	5 212
1.3.1991	464	232	232	232	36	9	9	1 214	6 426
1.3.1992	552	276	276	276	40	10	10	1 440	7 866
1.3.1993	660	330	330	330	48	12	12	1 722	9 588
1.3.1994	788	394	394	394	60	15	15	2 066	11 648
1.3.1995	940	470	470	470	68	17	17	2 452	14 100
Samtals	5 400	2 700	2 700	2 700	400	100	100	14 100	

Ef stjórn Sjóðsins óskar þess, skulu fjáframlögin greidd, að hluta eða öllu leyti, fyrir en ofangreind greiðsluáætlun segir til um, í samræmi við skiptingarhlutfallið, nema um annað verði samið. Nú eru greiðslur inntar af hendi fyrir en áætlað var, og er þá heimilt að reikna markaðsákveðna vexti af fyrirframgreiðslunum til framlagsaðila.

Stofnfjáframlögin má greiða til Sjóðsins í bandaríkjadöllum eða jafngildi þeirra í dönskum krónum miðað við opinbert sölugengi bandaríkjadala í Kaupmannahöfn á innborgunardeggi.

Í reikningsskilum Sjóðsins skulu stofnframlög reiknuð í dönskum krónum. Framlög í bandaríkjadöllum skulu umreiknuð í danskar krónur miðað við opinbert sölugengi í Kaupmannahöfn á innborgunardeggi.

Fram til 1. 3. 1995 skal reikna ógreidd stofnfjáframlög í dönskum krónum, miðað við opinbert sölugengi bandaríkjadala í Kaupmannahöfn hverju sinni.

Hugsanleg hækkun stofnfjárins er því aðeins heimil, að Norræna ráðherranefndin taki um það ákvörðun.

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

136

3. gr.

Fjármunastjórnun Sjóðsins skal haga þannig að stofnfé hans, reiknað í dönskum krónum, sbr. 2. gr., verði óskert, fyrst í stað fram til 31. 12. 1999.

Starfsemi

4. gr.

Sjóðurinn veitir lán og ábyrgðir með sömu skilmálum og bankar.

Þegar aðstæður mæla með því má veita lán og ábyrgðir með hagstæðari kjörum en bankakjörum.

Í sérstökum tilvikum getur Sjóðurinn veitt styrk eða skilyrt lán, þ.e.a.s. lán sem því aðeins er ætlast til að beri vexti eða verði endurgreitt að í framvindu hlutaðeigandi verkefnis sé grundvöllur fyrir slíku.

Styrki og skilyrt lán má einungis veita af heildarhagnaði Sjóðsins.

Leggja skal til hliðar fjármagn til að standa undir tapi á útlánum og ábyrgðum Sjóðsins. Féð, sem lagt er til hliðar, skal vera í hæfilegu hlutfalli við áhættuna við hin venjulegu lán og ábyrgðir.

Í starfsemi Sjóðsins skal jafnan stefnt að sanngjarnri skiptingu lánsfyrirgreiðslu milli Færeyja, Grænlands og Íslands.

Verkefni, sem snerta fleiri en eitt hinna vestlægu Norðurlanda eða fela í sér samvinnu við önnur Norðurlönd, skulu ganga fyrir öðrum verkefnum.

Sjóðurinn skal kappkosta að eiga náð samstarf við samtök atvinnulífsins, aðrar lána- og fjármögnunarstofnanir svo og opinbera aðila og einkaaðila sem tengjast starfssviði Sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn má veita lán af stofnfé og úr varasjóði sínum. Sjóðnum er einnig heimilt að taka lán til að fjármagna starfsemi sína.

Heildarútlán og ábyrgðir mega í hæsta lagi nema tvöföldu stofnfé Sjóðsins.

6. gr.

Ráðstöfunarfé Sjóðsins ber að ávaxta á hagstæðasta hátt og í samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi. Sjóðnum ber í lengstu lög að forðast áhættu vegna gengisbreytinga.

7. gr.

Bókhald Sjóðsins skal fært í dönskum krónum. Reikningsárið fylgir almanaksárinu. Ársskýrslu og ársreikninga Sjóðsins skal senda Norrænu ráðherranefndinni.

Stjórnun

8. gr.

Yfir Sjóðnum er stjórn, framkvæmdastjóri og auk þess nauðsynlegt starfslíð.

9. gr.

Stjórnin skal skipuð 7 mönnum. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna og landsstjórnir Færeyja og Grænlands tilnefna hver einn aðalmann til allt að fjögurra ára í senn. Velja skal einn varamann á sama grundvelli.

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann til tveggja ára í senn. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands og fulltrúar landsstjórnar Færeyja og Grænlands skulu skiptast á formennsku.

Stjórnin er ályktunarfær þegar formaður eða varaformaður og helmingur annarra stjórnarmanna hið minnsta eru mættir, eða varamanna þeirra í forföllum aðalmanna. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf atkvæði meiri hluta þeirra sem mættir eru. Lán, ábyrgð eða styrk er ekki unnt að veita ef land eða svæði þess, sem veita á því viðtöku, er mótfallið því.

Ákvarðanir má enn fremur taka með skriflegum hætti.

Stjórnin kemur saman þegar formaður ákveður eða að minnsta kosti tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórinn óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Þjóða má öðrum en stjórnarmönnum að sitja stjórnarfundi, ef nauðsyn þykir bera til.

10. gr.

Stjórnin tekur allar ákvarðanir varðandi málefni Sjóðsins.

Stjórnin getur framselt ákvörðunarvald sitt til framkvæmdastjórans eða til framkvæmdanefndar, sem skipuð er formanni og hinum tveimur stjórnarmönnum hinna vestlægu Norðurlanda.

11. gr.

Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur Sjóðsins, er ábyrgur fyrir undirbúningi vegna lána-, ábyrgðar- og styrkjamála og skal fylgja stefnumörkun og fyrirmælum stjórnarinnar.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til starfa, mest til fimm ára í senn. Hann má hvorki vera aðal- né varamaður í stjórninni, en skal sitja stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

Undirritun fyrir Sjóðinn annast stjórnarformaður, framkvæmdastjóri eða sá sem stjórnin veitir slíkt umboð.

12. gr.

Aðalskrifstofa Sjóðsins skal vera í Reykjavík.

Fulltrúar hans skulu vera í Þórshöfn og Nuuk.

Byggðastofnun skal veita sjóðnum alla nauðsynlega aðstöðu varðandi stjórnun og afgreiðslu, svo sem húsnæði, bókhald, afgreiðslu, daglega endurskoðun, lögfræðiaðstoð, innheimtu, vörslu verðbréfa o.fl. til ráðstöfunar fyrir Sjóðinn.

Ýmis ákvæði

13. gr.

Norræna ráðherranefndin útnefni tvo endurskoðendur til að fara yfir starfsemi Sjóðsins og reikningsskil hans. Endurskoðendurnir skulu árlega láta Norrænu ráðherranefndinni í té skýrslu um endurskoðunina.

14. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum Sjóðsins eða viðbót við þær, þó því aðeins að ábyrgðir skuldunautanna skerðist ekki við það. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1. 3. 1996 taka afstöðu til starfsemi Sjóðsins eftir árið 1999.

En Norræna ráðherranefndin ákveður að leysa Sjóðinn upp skal hún tilnefna þær persónur sem eiga að annast það verk.

Uppgjör Sjóðsins með endurgreiðslum á stofnfé hans eða annarri ráðstöfun á því framlagi getur ekki gengið hraðar fyrir sig en unnt er að ganga frá og gera upp lán Sjóðsins ásamt öðrum skuldbindingum hans þann dag sem ákvörðunin um að leggja Sjóðinn niður var tekin.